

Hattarstelpur unnu Hamrana frá Akureyrir 3-0 í VISA bikarkeppni KSÍ 30.maí. Það var Elva Hjálmarsdóttir sem skoraði fyrsta mark Hattar með þrumuskoti langt fyrir utan teig sem endaði í bláhorninu. Óverjandi fyrir markmann Hamranna. Staða 1-0 í hálfleik. Sonja Jóhannsdóttir, nýr leikmaður Hattar, sem nýverið skipti úr Fjarðabyggð skoraði tvö mörk í síðari hálfleik. Mikill liðsstyrkur fyrir Hattarstelpurnar að fá hana.